



## REGLUR Á TJALDSVÆÐINU Í KALMANSVÍK Á AKRANESI Á ÍRSKUM DÖGUM

---

Tjaldsvæðið í Kalmansvík er fjölskyldutjaldsvæði á Írskum dögum. Þetta þýðir að öllum unglingum og ungu fólki yngra en 23 ára verður vísað frá tjaldsvæðinu, nema um sé að ræða fjölskyldufólk, þ.e. foreldra með börn sín.

Sérstök verðskrá gildir á tjaldsvæðinu í Kalmansvík á Írskum dögum. Allir gestir 14 ára og eldri greiða 2.500 kr. fyrir alla helgina, einnig greiðast 2.500 kr. fyrir hvern gististað; tjald, fellihýsi, hjólhýsi eða húsbíl. Innifalið í gjaldinu er aðgangur að allri aðstöðu og þjónustu á svæðinu, m.a. þvottavél, þurrkara, sturtum og rafmagni.

Hver gestur fær armband til auðkennis sem gildir sem aðgangur að tjaldsvæðinu þessa helgi. Vinsamlegast athugið að Útilegukortið gildir **ekki** á tjaldsvæðinu í Kalmansvík þessa helgi. Sturtuaðstaða og þvottahús er opin frá kl 07:00-22:00.

Gestir á tjaldsvæðinu eru vinsamlegast beðnir að virða almennar umgengisreglur. Athugið að brot á reglunum varða brottvísun af tjaldsvæðinu:

1. Bifreiðastöður eru bannaðar á tjaldsvæðinu, vinsamlegast leggið bílum á bílastæðum. Öll óþarfa umferð um tjaldsvæðið skapar hættu og er bönnuð. Þetta er fjölskyldutjaldsvæði og börn að leik milli tjalda/húsa og á götum svæðisins.
2. Undantekningarlaust á að vera komin á næturro kl. 23:00 á kvöldin.
3. Verði gæsluaðilar varir við unglíngadrykkju á svæðinu verður málið umsvifalaust kært til lögreglu. Hið sama gildir að sjálfsgöðu ef grunur er um fíkniefnaneyslu á svæðinu.
4. Allar skemmdir sem gestir vinna á aðstöðu tjaldsvæðisins eða eignum annarra verða kærðar til lögreglu.

**Góða skemmtun á Írskum dögum.**

---

Regína Ásvaldsdóttir  
bæjarstjóri